

Fundargerð

Annar fundur vinnuhóps vegna móttökuáætlunar fyrir nýja íbúa í Uppsveitum Árnessýslu

Þriðjudaginn 23.01.2024 kl. 17:00-18:00

Fundarmenn : Anna Katarzyna Wozniczka fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp

Kamil Lewandowski fyrir Bláskógabyggð

Nina Faryna fyrir Hrunamannahrepp

Sara Annamária Herczeg fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp

Lína Björg Tryggvadóttir – Byggðapróunarfulltrúi

1. Farið yfir móttökuáætlun Fjölmeningarseturs. Þar kemur fram strax í byrjun mikilvægi viðmót sveitarfélaga og segir þar „að skýrt þurfi að vera hvar nýbúar geta aflað sér upplýsinga til að skilja samfélagið betur. Lagt er til að sveitarfélagið útbúi verklagsreglur sem auðvelda yfirsýn yfir nýja íbúa“. Var þessi klausa rædd og skoðað hvernig væri best að nálgast þá vinnu með þetta í huga. Verkefnastjóri kynnti fyrir þeim áætlun um síðuna Sveitir.is en þar er byrjað að draga saman upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir nýja íbúa. Einnig kom skýrt í ljós að móttökuhandbók þarf að vera í formi vefs þar sem hægt er að uppfæra hann á auðveldan hátt. . Í umræðu um hvernig best væri að koma upplýsingum til nýrra íbúa kom hugmynd um að hægt væri að gera plaggöt með QR kóða sem væru hengd upp á opinberum stöðum þar sem á stæði „ Ert þú nýbúi? Upplýsingar hér“ sá kóði myndi senda viðkomandi á síðu þar sem upplýsingar um sveitarfélögin liggja fyrir og þar væru helstu upplýsingar um hvernig megi fá þjónustu etc. Ákveðið var að fundarmenn myndu taka saman það sem þau telja að sé mikilvægast að komi fram á síðunni og myndu senda byggðapróunarfulltrúa ekki síðar en fimmtudaginn 8. febrúar 2024
2. Rætt var um mögulegan styrk sem sótt var um í Þróunarsjóð innflytjendamála en ekki er vitað hvenær kemur út úr þeim sjóði. Einnig var rætt hvernig það verkefni myndi hafa áhrif á gerð móttökuhandbók ef af verður.
3. Rætt var um þörf á að skipa varanlega nefnd þar sem fjallað er um aðgengi og inngildinu erlendra íbúa. Einnig að nýbúar hafi aðstöðu til að hittast til að miðla upplýsingum og kynnst í leiðinni. Lagt er til að sú hugmynd verði sett inn í vinnuna varðandi tillögu að móttökuáætlun.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 18:00

Næsti fundur skipulagður 20. febrúar kl.17:00